



EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðunarstaður Fjarðabyggðar í Þernunesi

Dagsetning 12. september 2012
Fyrirtæki Sorpstöð Fjarðabyggðar
Þernunesi
Heimilisfang Þernunesi,
750 Fáskrúðsfjörður
Kennitala 710269-5569
Isat nr.
Starfsemi urðunarstaður fyrir úrgang

Fulltrúi HAUST f.h. UST: Hákon Hansson
Starfsleyfi, gildir til 1. júlí 2018
Tegund eftirlits reglubundið
Fulltrúar fyrirtækis: Guðgeir Einarsson
Staðsetning starfstöðvar (hnit):
Mýrdalur:
N 64.59.06 80 V 13.53.39 70
Auratún:
N 64.59.17 59 V 13.53.52 41

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfsemina og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Almennt er frágangur og umgengni á urðunarstað til fyrirmyndar, en tryggja þarf skil á skráningum eins og kveður á í grein 3.3 í starfsleyfi. Skv. upplýsingum frá forsvarsmanni Fjarðabyggðar var magnupplýsingum þó skilað til Ust, en láðst hefur að senda þær jafnframt til HAUST:

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni var allt urðunarsvæðið, bæði í Auratúni og Mýrdal skoðað. Einnig var það svæði í Mýrdal, sem nú hefur verið lokað og sáð í skoðað. Umgengni á urðunarstað er góð, urðunarreinar fáar og frágangur til fyrirmyndar. Lítið sem ekkert verður vart við fok. Í lok eftirlits voru tekin sýni úr sýnatökubrunni, niðurstöður fylgja með í viðhengi.

Á fundi að eftirliti afstöðnu var farið yfir ákvæði í starfsleyfinu

Samkomulag er milli HAUST og starfsleyfishafa um að HAUST annist sýnatöku af fráveituvatni frá urðunarstaðnum í Mýrdal, þar sem almennt sorp er urðað og voru sýni tekin í eftirlitsferðinni að höfðu samráði við Umhverfisstofnun um hvað bæri að rannsaka. Sýnin voru tekin úr sérstökum sýnatökubrunni sem er á frárennsli frá urðunarstaðnum. Niðurstöður fylgja.

Við eftirlit voru teknar myndir og fylgir hluti þeirra í viðhengi með skýrslunni.

Í eftirlitsskýrslu fyrir 2011 voru tilgreind tvö frávik, annars vegar hafði verið sótt um undanþágu vegna söfnunar á hauggasi, Með bréfi dags 12. júní 2012 veitti Umhverfisstofnun Fjarðabyggð frest til 15. febrúar 2013 til að skila inn áætlun um söfnun á hauggasi eftir 16. júlí 2013. Hins vegar var í eftirlitsskýrslu vakin athygli á að ekki hafði verið gengið frá tryggingu vegna bráðamengunar, 12.

október sl. tilkynnti Fjarðabyggð að slík trygging lægi fyrir og þar með taldi Umhverfisstofnun frávikíð að fullu bætt.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik

Engin frávik komu fram við eftirlit.

Athugasemdir:

1. Ekki er vitað til þess að rekstraraðilar hafi sett sér umhverfismarkið skv. grein 4.3 í starfsleyfi.
2. Umsjónarmaður á urðunarsvæði kvartar yfir ágangi hunda frá nágrennabæ, sem komi að nóttu til og róti í sorpi. Hvatt er til að málið verði rætt við ábúendur í Þernunesi og lausn fundin.
3. Á urðunarstaðnum er gamall haugur með rifnum dekkjum. Taka þarf ákvörðun um hvað gera á við þennan haug. Er heimilt að urða hann eða þarf að flytja hann burt?

Annað:

Í september var tekið sjósýni við frárennsli frá urðunarsvæðinu. Það sýni kom mjög vel út, sjá viðhengi.

Eftirlitsskýrsla hefur verið kynnt rekstraraðilum, Fjarðabyggð. Ekki eru gerðar athugasemdir af þeirra hálfu, en þeir munu hafa sent upplýsingar um magn úrgangs til UST.

10.10. 2012



Hákon Hansson

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.